

**Fundargerð fyrsta fundar verkefnisstjórnar NordBio áætlunarinnar.
Fundurinn haldinn í umhverfis- og auðlindaráðuneytinu mánudaginn 2. desember 2013.**

Íslenska verkefnisstjórn NordBio er skipuð Halldóri Runólfssyni (formaður) og Sveini Þorgrímssyni frá atvinnuvega- og nýsköpunarráðuneyti, Jóni Geir Péturssyni frá umhverfis- og auðlindaráðuneyti og Stefáni Stefánssyni frá mennta- og menningarmálaráðuneyti. Hólmfríður Sveinsdóttir verkefnisstjóri NordBio starfar með verkefnisstjórninni og ritaði fundargerðina.

Mættir: allir.

Formaður setti fundinn kl. 14.00 og kynnti dagskrá.

1. Fundur EK-FJSL (Eksekutiv) 25. nóvember 2013.

Halldór og Jón Geir greindu frá fundi í EK-FJLS (Eksekutiv) í Kaupmannahöfn 25. nóvember sl. þar sem þeir kynntu NordBio áætlunina. Áætlunin er nú í rýniferli hjá nefndinni og gert ráð fyrir að því ljúki um miðjan janúar 2014. NordBio áætlunin hlaut almennt góðar undirtektir og ánægja var með hvað hún nær til margra geira. Talsverð umræða varð um áætlunina þar sem meðal annars var rætt um hvað felst í hugtakinu „hovedansvar“ sem er á herðum EK-FJLS (Eksekutiv) og almennt um breytt fyrirkomulag á formennskuáætlunum. Lögð var áhersla á aðkomu norrænna stofnana og að verkefni hafi sem víðtækust tengsl þvert á Norðurlöndin.

2. „Distributionlist“.

Formaður hafði fengið beiðni frá skrifstofunni í Kaupmannahöfn um að veita upplýsingar um einstaklinga í embættismannanefndum tengdum FJLS og formennskuáætlun Íslands. Verkefnisstjóra falið að ljúka við listann og senda með þeim skilaboðum að verkefnisstjórn NordBio væri aðal tengiliðurinn.

3. Greiningarvinna í tengslum við NordBio verkefni.

Öll verkefni, fyrir utan Biophiliu, gera ráð fyrir greiningarvinnu. Mikilvægt er að tengja þá vinnu eins mikið og kostur er og skoða í því sambandi aðkomu norrænna stofnana. Um þrennskonar megin greiningar er að ræða. Í fyrsta lagi að greina stöðu og eðli lífauðlinda á Norðurlöndum. Í öðru lagi að kortleggja sjálfbærni viðmið sem þróuð hafa verið fyrir mismunandi lífauðlindir á Norðurlöndunum. Í þriðja lagi hagræn greining á áhrifum og virði lífauðlinda og markaðsgreining þar sem meðal annars verða kannaðir möguleikar nýrra afurða lífhagkerfisins á alþjóðlegum mörkuðum.

Rætt var um hvort og þá hvernig tengja mætti greiningu á viðnámsþoli/seiglu (e. resilience) náttúrunnar við framangreindar greiningar. Ljóst er að ekki er þörf fyrir slíkar greiningar fyrir Biophiliu.

Ákveðið að fela Jóni Geir og Torfa Jóhannessyni hjá ANR að gera tillögur fyrir verkefnisstjórn um hvernig vinna má greiningar sem ganga þvert á verkefni. Óskað eftir því að fá þær tillögur, ef kostur er, á næsta fund verkefnisstjórnar eftir viku. Í framhaldinu er ráðgert að setja saman þriggja manna vinnuhóp sem útfærir tillögurnar nánar.

4. Fjármál.

a) umsýsla fjármuna

Formaður greindi frá viðræðum sem hann hefur átt við fulltrúa á skrifstofunni í Kaupmannahöfn og fulltrúa Norðurlandsskrifstofunnar á Íslandi varðandi umsýslu fjármuna í tengslum við formennskuáætlunina. Niðurstaðan er að best væri að fjármunirnir komi til Íslands og verði útdelt til einstakra verkefna héðan. Mögulega þarf að leita sérleiða hjá Seðlabankanum og mun formaður ræða það við Norðurlandsskrifstofuna á Íslandi. Formaður mun jafnframt ræða við rekstrarstjóra ANR um fyrirkomulag umsýslu og eftirlit sem fylgir fjármununum, en gert er ráð fyrir að gerðir verði samningar um hvert verkefni fyrir sig.

Þegar hefur borist einn reikningur vegna verkefnisins, fyrir þýðingarvinnu, og mun formaður óska eftir því að skrifstofan í Kaupmannahöfn greiði þann reikning og geri svo í kjölfarið upp ANR þegar fjármunir fyrir formennskuáætlunina berast.

b) umræða um skiptingu milli verkefna og verkþátta

Samkvæmt upplýsingum frá Norðurlandsskrifstofunni er það á ábyrgð íslensku verkefnastjórnarinnar að ákveða skiptingu þeirra fjármuna sem fara í NordBio áætlunina. Áður en sú ákvörðun verður tekin þurfa að liggja fyrir nánari upplýsingar um verkefnið fimm og þær greiningar sem þarf að vinna í tengslum við þau. Verkefnisstjóra falið að ítreka beiðni til tengiliða verkefnanna um að setja upplýsingar inn í staðlað norrænt umsóknareyðublað og skila þeim eigi síðar en 9. desember.

Fulltrúi MMR benti á að síðustu mánuði hefði ítrekað verið beið um að ákvörðun um skiptingu fjár milli verkefna yrði flýtt. Dráttur á ákvörðun væri þegar farin að tefja undirbúning Biophiliu verkefnisins á norrænum vettvangi.

5. Upphafsfundur (kick-off) 5. febrúar 2014.

Frestað til næsta fundar.

6. Næstu fundir verkefnisstjórnar.

Næsti fundur verður mánudaginn 9. desember kl. 15.00 í umhverfis- og auðlindarráðuneytinu. Á þeim fundi verða ákveðnir fastir fundatímar verkefnisstjórnar.

Fleira ekki gert og fundi slitið kl. 15.05.